

Greining á kynbundnum launamun hjá
Reykjavíkurborg 2017

Apríl 2018



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Reykjavíkurborg
Markmið rannsóknar	Að kanna kynbundinn launamun hjá Reykjavíkurborg árið 2017
Dagsetning skýrsluskila	24. apríl 2018

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Úrvinnsla	Helgi Guðmundsson
Skýrslugerð	Helgi Guðmundsson, Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	3
Töfluyfirlit	4
Myndayfirlit.....	6
Helstu niðurstöður.....	7
Inngangur	9
Aðferð	10
Þátttakendur.....	10
Launaupplýsingar	10
Flokkun starfa	10
Marktektarpróf.....	11
Niðurstöður.....	13
Bakgrunnsupplýsingar	13
Vinnutími	21
Starfsmatsstig	22
Grunnlaun	24
Heildarlaun.....	31
Yfirvinnugreiðslur	40
Akstursgreiðslur	45
Aðrar greiðslur	47
Starfsmat.....	49
Leiðréttur kynbundinn munur grunnlauna.....	53
Leiðréttur kynbundinn munur heildarlauna.....	55
Leiðréttur kynbundinn munur eftir sviðum	61
Leiðréttur kynbundinn munur eftir stéttarfélögum.....	62
Ríkisfang	67
Fyrri rannsóknir.....	72
Samantekt.....	73

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1.	Kyn starfsfólks	13
Tafla 2.	Aldur starfsfólks	13
Tafla 3.	Aldur starfsfólks greindur eftir bakgrunni.....	14
Tafla 4.	Starfssvið.....	15
Tafla 5.	Starfssvið starfsfólks greint eftir bakgrunni	16
Tafla 6.	Starfsheiti.....	17
Tafla 7.	Starfsheiti starfsfólks greint eftir bakgrunni	18
Tafla 8.	Starfsaldur.....	19
Tafla 9.	Starfsaldur starfsfólks greindur eftir bakgrunni.....	20
Tafla 10.	Starfsmatsstig starfsfólks eftir bakgrunni	23
Tafla 11.	Grunnlaun – Allt starfsfólk í föstu starfi.....	24
Tafla 12.	Uppreiknuð grunnlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	26
Tafla 13.	Grunnlaun – Starfsfólk í fullu starfi	27
Tafla 14.	Óleiðrétt grunnlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í föstu starfi.....	28
Tafla 15.	Uppreiknuð grunnlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	29
Tafla 16.	Grunnlaun greind eftir kyni – Starfsfólk í fullu starfi	30
Tafla 17.	Heildarlaun – Allt starfsfólk í föstu starfi	31
Tafla 18.	Uppreiknuð heildarlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	32
Tafla 19.	Heildarlaun – Starfsfólk í fullu starfi.....	33
Tafla 20.	Heildarlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í föstu starfi	35
Tafla 21.	Uppreiknuð heildarlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	36
Tafla 22.	Heildarlaun greind eftir kyni – Starfsfólk í fullu starfi.....	37
Tafla 23.	Hlutfall karla og kvenna með breytilega yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi	41
Tafla 24.	Meðalgreiðslur fyrir breytilega yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi með breytilega yfirvinnu.....	42
Tafla 25.	Hlutfall karla og kvenna með fasta yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi	43
Tafla 26.	Meðalgreiðslur fyrir fasta yfirvinnu – Allt starfsfólk í föstu starfi með fasta yfirvinnu	44
Tafla 27.	Hlutfall starfsfólks með akstursgreiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi	45
Tafla 28.	Akstursgreiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi sem fékk akstursgreiðslur	46
Tafla 29.	Hlutfall starfsfólks með aðrar greiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi	47
Tafla 30.	Aðrar greiðslur – Allt starfsfólk í föstu starfi sem var með aðrar greiðslur	48
Tafla 31.	Uppreiknuð laun karla og kvenna greind eftir starfsmati – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	49
Tafla 32.	Leiðréttur kynbundinn munur á starfsmatsstigum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	52
Tafla 33.	Samantekt á aðhvarfsgreiningu grunnlauna – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	53

Tafla 34.	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	54
Tafla 35.	Aðhvarfsgreining á grunnlaunum – Allt starfsfólk í fullu starfi	55
Tafla 36.	Samantekt á aðhvarfsgreiningu heildarlauna – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	56
Tafla 37.	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	57
Tafla 38.	Aðhvarfsgreining á heildarlaunum – Allt starfsfólk í fullu starfi	58
Tafla 39.	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	60
Tafla 40.	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum eftir sviði – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	62
Tafla 41.	Uppreiknuð grunnlaun eftir stéttarfélögum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	63
Tafla 42.	Uppreiknuð grunnlaun karla og kvenna eftir stéttarfélögum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira.....	64
Tafla 43.	Uppreiknuð heildarlaun eftir stéttarfélögum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	65
Tafla 44.	Uppreiknuð heildarlaun karla og kvenna eftir stéttarfélögum – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	66
Tafla 45.	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum, stýrt fyrir ríkisfang – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	70
Tafla 46.	Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum, stýrt fyrir ríkisfang – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	71

MYNDAYFIRLIT

Mynd 1.	Starfshlutfall karla og kvenna – Allt starfsfólk í föstu starfi.....	21
Mynd 2.	Uppreiknuð grunn- og heildarlaun greind eftir starfaflokki – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira ..	38
Mynd 3.	Samsetning uppreiknaðra meðalheildargreiðslna karla og kvenna – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	39
Mynd 4.	Uppreiknuð laun karla og kvenna eftir stigum starfsmats – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira ...	50
Mynd 5.	Uppreiknuð laun íslenskra og erlendra ríkisborgara eftir stigum starfsmats – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	67
Mynd 6.	Uppreiknuð heildarlaun íslenskra og erlendra ríkisborgara eftir starfi – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira	68
Mynd 7.	Samvirkni kyns og ríkisfangs – Uppreiknuð grunn- og heildarlaun starfsfólks í 70% starfi eða meira	69
Mynd 8.	Þróun leiðréttis kynbundins munar á heildarlaunum hjá Reykjavíkurborg frá 1995	72

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Dregið hefur úr leiðréttum kynbundnum launamun uppreiknaðra heildarlauna þeirra sem vinna í a.m.k. 70% starfi frá síðustu úttekt árið 2015. Munurinn var þá 3,5% körlum í vil en er nú 2,2%. Að sama skapi dróst leiðréttur munur uppreiknaðra grunnlauna starfsfólks í a.m.k 70% vinnu saman, hann var 3,1% körlum í vil árið 2015 en er nú 2,2%.

Óleiðréttur kynbundinn launamunur uppreiknaðra grunnlauna starfsfólks í a.m.k 70% starfshlutfalli er nú 2% konum í vil. Hann hefur dregist lítillega saman þar sem hann var 3% árið 2015. Óleiðréttur launamunur uppreiknaðra heildarlauna starfsfólks í a.m.k 70% starfi er 7% körlum í vil. Nær engin breyting hefur orðið á óleiðréttum kynbundnum launamun uppreiknaðra heildarlauna frá því árið 2015, en hann minnkaði um 0,3%.

Tveir þriðju starfsmanna borgarinnar eru konur en nokkur munur er á kynjunum hvað varðar bakgrunn og störf. Töluvert hærra hlutfall karla var undir þrítugu, þeir voru að jafnaði með lægri starfsaldur en konur og gegndu frekar ósérhæfðum störfum á meðan konur voru fleiri meðal sérfræðinga. Álíka hátt hlutfall karla og kvenna vinna fullt starf.

Niðurstöður sýna að konur og karlar eru að jafnaði með álíka há grunnlaun en yfirvinna og aðrar greiðslur til karla eru hærri. Þótt hærra hlutfall kvenna fengi greidda fasta yfirvinnu (47% kvenna á móti 37% karla) fengu konur að jafnaði 56% af greiðslum karla fyrir fasta yfirvinnu. Einnig fengu konur 65% af öðrum greiðslum karla. Starfsaldur hafði meiri áhrif á heildarlaun karla en kvenna og hækkuðu laun karla um 1,4% að jafnaði við hvert ár í starfi en laun kvenna um 1,0%.

Ljóst er að starfsmatskerfið dregur úr launamun grunnlauna og sýna niðurstöður að grunnlaun skýrast nær eingöngu af starfsmatsstigum. Ef skoðuð eru laun starfsfólks í a.m.k. 70% starfi með stig úr starfsmati er óleiðréttur launamunur uppreiknaðra grunnlauna 0,3% konum í vil. Meðal starfsfólks í sama starfshlutfalli með engin starfsmatsstig er óleiðréttur launamunur uppreiknaðra grunnlauna hins vegar 6,0% körlum í vil. Grunnlaun eru þó einungis tveir þriðju hlutar af heildarlaunum og ýmislegt fleira hefur áhrif á heildarlaun, svo sem yfirvinna, akstur og aðrar greiðslur. Starfsmatsstigin spá því mun verr fyrir um heildarlaun. Óleiðréttur launamunur uppreiknaðra heildarlauna hjá fólki með og án starfsmatsstiga var því töluvert meiri en grunnlauna (9% hjá starfsfólki með starfsmat en 12% hjá þeim sem hafa ekki starfsmat körlum í vil í báðum tilfellum).

Meðalfjöldi starfsmatsstiga hjá körlum og konum er nær jafn (kk=449, kvk=451) en nokkuð hærra hlutfall karla (76%) heldur en kvenna (63%) er með starfsmatsstig. Heildarlaun karla hækka meira með auknum starfsmatsstigafjölda heldur en heildarlaun kvenna. Fyrir hvert starfsmatsstig hækka uppreiknuð heildarlaun karla um 1000 krónur að jafnaði en laun kvenna um 936 krónur. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir starf, starfsaldur, starfshlutfall, menntun og fagaldur eru konur með um 13 starfsmatsstigum minna en karlar að jafnaði. Starfsfólk í tekjulægri starfaflokkum hefur frekar farið í starfsmat. Hlutfall starfsfólks í tekjulægri starfaflokkum sem hefur

farið í starfsmat er lægst 82% en tekjuhærri starfsmenn hafa mun síður farið í slíkt mat (einungis 24% sérfræðinga og 53% stjórnenda).

Grunnlaun erlendra ríkisborgara eru töluvert lægri en grunnlaun íslenskra ríkisborgara. Heildarlaun erlendra ríkisborgara eru sömuleiðis mun lægri, sem og föst yfirvinna og aðrar greiðslur. Fyrir hvert starfsmatsstig hækka uppreiknuð grunnlaun íslenskra ríkisborgara um 781 krónu en erlendra ríkisborgara um 514 krónur.

INNGANGUR

Frá árinu 1995¹ hefur Reykjavíkurborg fylgst með kynbundnum launamun starfsfólks borgarinnar og ráðist í ýmsar aðgerðir til að draga úr launamun kynjanna. Á tímabilinu hafa orðið töluverðar breytingar en þó hefur ekki enn náðst að útrýma launamun að fullu.

Reykjavíkurborg fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera greiningu á launum starfsfólks borgarinnar. Borin voru saman laun karla og kvenna fyrir október mánuð árið 2017.

Við greiningu gagna voru eftirfarandi spurningar hafðar að leiðarljósi:

1. Hver voru laun karla og kvenna sem störfuðu hjá Reykjavíkurborg í október árið 2017?
 - a. Hver eru grunnlaun, heildarlaun, yfirvinnulaun, akstursgreiðslur og aðrar greiðslur hjá körlum og konum?
 - b. Hvaða áhrif hefur starf (ÍSTARF95), starfssvið (málaflokkur), starfsaldur og starfshlutfall á laun?
 - c. Eru erlendir ríkisborgarar með lægri laun en íslenskir?
2. Var kynbundinn launamunur til staðar meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar í fullu starfi í október 2017 að teknu tilliti til starfs, menntunar, fagaldurs, starfsaldurs, starfshlutfalls, fjölda yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda utan hefðbundins daglegs vinnutíma og starfsmatsstiga?
 - a. Eru áhrif starfs á laun ólík eftir kyni?
 - b. Hefur kynbundinn launamunur breyst frá fyrri greiningum?
 - c. Hve mikið dregur starfsmatskerfið úr kynbundnum launamun?

¹ Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (2013). Kynbundinn launamunur: Samantekt um kannanir Reykjavíkurborgar 1995-2012.

AÐFERÐ

Þátttakendur

Rannsóknin náði til allra starfsmanna Reykjavíkurborgar sem voru í föstu starfi í október 2017. Starfsfólk sem ekki var með skráð starfshlutfall, þ.e. ekki með launaliðinn mánaðarlaun, var ekki haft með í greiningunni. Greiningin náði því til 7873 einstaklinga sem voru við störf hjá Reykjavíkurborg í október árið 2017. Við útreikning á leiðréttum launamun voru tveir hópar skoðaðir, annars vegar þeir sem voru í 70% starfi eða meira og hins vegar þeir sem gegndu fullu starfi. Alls voru 5910 einstaklingar í 70% starfshlutfalli eða hærra og þar af voru 4238 í fullu starfi.

Launaupplýsingar

Launaupplýsingar voru fengnar úr launabókhaldi borgarinnar. Notast var við laun fyrir október mánuð árið 2017, en október þykir frekar dæmigerður mánuður hvað laun varðar. Við úrvinnslu voru skoðuð grunnlaun, yfirvinnugreiðslur, akstursgreiðslur og heildarlaun. Heildarlaun samanstanda af grunnlaunum, yfirvinnu, akstursgreiðslum, orlofsgreiðslum, álagsgreiðslum, bónusum og öðrum hlunnindagreiðslum. Við útreikning á leiðréttum launamun voru grunnlaun einstaklinga sem störfuðu í a.m.k. 70% starfi uppreiknuð í 100% svo þau væru samanburðarhæf við laun þeirra sem gegndu fullu starfi. Aðrar greiðslur voru hinsvegar ekki uppreiknaðar þar sem ekki er hægt að gefa sér að einstaklingur í 70% starfshlutfalli myndi auka við sig akstur eða yfirvinnu þó hann færi í fullt starf. Í skýrslunni er notast við hugtökin óleiðréttur kynbundinn launamunur og leiðréttur kynbundinn launamunur. Óleiðréttur launamunur eru laun kvenna deilt með launum karla. Því má sjá hve miklu lægri eða hærri laun kvenna voru í samanburði við laun karla. Leiðréttur kynbundinn launamunur sýnir hve mikið lægri eða hærri laun kvenna voru þegar stýrt hefur verið fyrir aðrar breytur (s.s. starfsaldur, starfshlutfall o.þ.h.).

Flokkun starfa

ÍSTARF95 starfaflokkunarkerfi Hagstofu Íslands var notað til að flokka störf. Kerfið er sniðið eftir Alþjóðlegu starfaflokkuninni, *International Standard Classification of Occupations*, ISCO-88 sem Alþjóðavinnnumálastofnunin gaf út árið 1990. Störf eru flokkuð eftir eðli starfsins og krafna um kunnáttu.

Í þessari greiningu var grófasta flokkun ÍSTARF95 notuð. Það eru flokkarnir: 1) kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur 2) sérfræðingar, 3) tæknar og sérmenntað starfsfólk, 4) skrifstofufólk, 5) fólk í þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörfum, 6) bændur og fiskimenn, 7) iðnaðarfólk og sérhæft iðnverkafólk, 8) véla- og vélgæslufólk og 9) ósérhæft starfsfólk. Þar sem fáir starfsmenn voru í flokkum 6 til 8 voru þeir sameinaðir fyrir úrvinnslu.

Marktektarpróf

Markmið greiningarinnar er að skoða laun starfsfólks Reykjavíkurborgar og því er starfsfólk borgarinnar þýði greiningarinnar. Þar sem greiningin nær til alls starfsfólks í a.m.k 70% starfshlutfalli, en ekki einungis úrtaks starfsfólks, þarf strangt til tekið ekki marktektarpróf þar sem tilgangur marktektarprófa er að draga ályktun út frá úrtaki og yfirfæra á þýði. Þetta er best útskýrt með dæmi. Úrtaksrannsókn á hamingju Íslendinga eftir kyni gæti falið í sér að spyrja 1000 Íslendinga hvort þeir séu hamingjusamir. Ef marktækur munur væri á meðaltölum karla og kvenna gætum við ályktað að líklega væri munur á meðaltölum karla og kvenna í þýðinu okkar, þ.e. hjá öllum Íslendingum. Þýðisrannsókn myndi, hins vegar, fela í sér að spyrja alla Íslendinga hvort þeir væru hamingjusamir. Í slíkri rannsókn væri marktektarpróf óþarft því munurinn á hamingju karla og kvenna sem fram kæmi í niðurstöðum væri raunverulegur munur á hamingju karla og kvenna á Íslandi og því væri óþarfi að álykta um hvort niðurstöður væri einnig að finna í þýði.

Til grundvallar launagreiningunni er notast við upplýsingar um laun alls starfsfólks í a.m.k 70% starfi, sem sagt alls þýðisins. Eins og fyrr segir eru marktektarpróf í raun óþörf því sá munur sem fram kemur, marktækur eður ei, er sá munur sem er til staðar hjá launþegum borgarinnar. Þrátt fyrir þetta, eru í skýrslunni birtar niðurstöður marktektarprófa, sem hafa má til hliðsjónar. Kí-kvaðrat, dreifigreining og aðhvarfsgreining voru notuð eftir því hvað átti við hverju sinni til að greina tölfræðilega marktekt.

Kí-kvaðrat marktektarprófið segir til um hvort marktækur munur sé á hlutföllum mismunandi hópa. Marktækur munur er gefinn til kynna með stjörnum. Ein stjarna þýðir að 5% eða minni líkur ($p \leq 0,05$) séu á því að munur sem sést á milli hópa komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu, þ.e. á meðal alls starfsfólks Reykjavíkurborgar. Tvær stjörnur þýða að 1% eða minni líkur ($p \leq 0,01$) séu á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu og þrjár stjörnur þýða að 0,1% eða minni líkur ($p \leq 0,001$) séu á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu.

Dreifigreining (*one-way analysis of variance*) var notuð til að sjá hvort marktækur munur væri á meðaltölum ólíkra hópa. Dreifigreining prófar þá núlltilgátu að úrtök hópa séu dregin úr þýðum sem hafa sömu meðaltöl. Ef próf er marktækt við 0,05 mörk má segja að 5% líkur eða minna séu á að draga úrtök sem gefa þessi ólíku meðaltöl ef enginn munur er á milli hópanna í þýði.

Línuleg aðhvarfsgreining (*Ordinary least squares regression*) var notuð til að athuga hvort kynbundinn launamunur væri til staðar þegar öðrum breytum var haldið stöðugum. Það er, athugað var hver kynbundinn launamunur var eftir að búið var að taka tillit til starfs, menntunar, fagaldurs, starfsaldurs, starfshlutfalls, fjölda breytilegra og fastra yfirvinnustunda og fjölda vinnustunda utan venjulegs vinnutíma. Með þessu móti er hægt að sjá samspil mismunandi þátta á laun. Hægt er að sjá hver kynbundinn launamunur er hjá einstaklingum sem gegna sama starfi, hafa sama starfsaldur, með sömu menntun, sama fagaldur, vinna innan sama málaflokks, eru í sama starfshlutfalli, eru með sama fjölda yfirvinnustunda og jafn marga tíma utan venjulegs



vinnutíma. Í aðhvarfsgreiningu var launum umbreytt á lógaríðmískan kvarða. Ástæðan fyrir þessu er að laun eru ekki normaldreifð heldur jákvætt skekkt, en normaldreifing fylgibreytu er ein forsenda aðhvarfsgreiningar.


NIÐURSTÖÐUR

Hér verður greint frá niðurstöðum launagreiningar. Fyrst eru birtar fjöldatölur og hlutföll fyrir bakgrunnsbreytur. Því næst eru birtar upplýsingar um laun eftir bakgrunnsbreytum. Upplýsingar um grunnlaun, heildarlaun, yfirvinnu, akstursgreiðslur og aðrar greiðslur eru ennfremur sýndar og að lokum eru birtar niðurstöður aðhvarfsgreiningar.

Bakgrunnsupplýsingar


Eftirfarandi myndir og töflur sýna dreifingu svarenda á þeim bakgrunnsbreytum sem notaðar voru í greiningum. Töflurnar sýna alla einstaklinga sem störfuðu hjá Reykjavíkurborg og voru í föstu starfi.

Tafla 1. Kyn starfsfólks



Í október 2017 voru konur 76% starfsmanna, eða alls 5970 (sjá töflu 1). Aldursdreifing var nokkuð jöfn meðal starfsfólks (sjá töflu 2) og var meðalaldur 43 ár (staðalfrávik = 13,8). Eins og sjá má í töflu 3 voru karlar hlutfallslega fleiri í yngsta aldurshópnum, 30% þeirra voru undir þrítugu en einungis 19% kvenna. Þó var meðalaldur nokkuð svipaður (karlar: 40 ár, konur: 43 ár).

Tafla 2. Aldur starfsfólks




Tafla 3. Aldur starfsfólks greindur eftir bakgrunni

	Yngri en 30 ára	30 til 39 ára	40 til 49 ára	50 til 59 ára	60 ára og eldri	Fjöldi
Október 2017						
Heild	22%	21%	20%	22%	15%	7873
Kyn ***						
Karl	30%	23%	14%	18%	15%	1903
Kona	19%	21%	23%	23%	15%	5970
Svið ***						
Skrifstofur Ráðhúss	6%	21%	23%	31%	18%	274
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	35%	13%	14%	24%	14%	217
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	6%	23%	23%	19%	28%	186
SFS - Skóla- og frístundasvið	24%	21%	21%	21%	13%	4797
USK - Umhverfis og skipulagssvið	10%	16%	20%	28%	26%	384
VEL - Velferðarsvið	22%	22%	19%	20%	16%	2015
Starfsheiti ***						
Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	4%	17%	26%	35%	18%	605
Sérfræðingar	5%	24%	27%	26%	17%	2739
Tæknar og sémenntað starfsfólk	29%	20%	14%	21%	16%	805
Skrifstofufólk	6%	17%	17%	31%	29%	227
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	40%	21%	15%	14%	10%	3163
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	6%	3%	18%	35%	38%	34
Ósérhæft starfsfólk	15%	22%	21%	26%	16%	267
Starfsaldur ***						
Stytttri en 1 ár	57%	21%	11%	8%	3%	1456
1 til 2,9 ár	40%	30%	15%	9%	5%	1286
3 til 6,9 ár	20%	33%	21%	15%	10%	1722
7 til 11,9 ár	3%	29%	30%	25%	14%	905
12 ár eða lengri	0%	5%	25%	39%	31%	2437
Starfshlutfall ***						
Fullt starf	12%	22%	25%	26%	15%	4238
Hlutastarf 70-99%	25%	23%	18%	20%	14%	1672
Hlutastarf 1-69%	42%	18%	12%	12%	16%	1963
Ríkisfang ***						
Íslenskur ríkisborgari	22%	20%	20%	22%	16%	7362
Erlendur ríkisborgari	23%	40%	23%	10%	5%	511

Marktækur munur er á hópum: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$.

Stærsta starfssvið borgarinnar er Skóla- og frístundasvið, en ríflega 60% starfsfólks Reykjavíkurborgar unnu innan sviðsins í október 2017, flestir sem grunn- eða leikskólakennarar eða barnagæslufólk. Annað stærsta starfssvið borgarinnar er Velferðarsvið þar sem fjórðungur starfsfólks borgarinnar starfar (sjá töflu 4).

Tafla 4. Starfssvið



Í töflu 5 má sjá starfssvið greind eftir bakgrunni. Karlar voru líklegri til að vinna hjá skrifstofum Ráðhúss, á Íþrótt- og tómstundasviði og Umhverfis- og skipulagssviði en konur unnu flestar á Skóla- og frístundasviði. Eins og fram hefur komið starfa mun fleiri konur en karlar hjá Reykjavíkurborg og voru þær í meirihluta á öllum sviðum nema á Íþrótt- og tómstundasviði og Umhverfis- og skipulagssviði.

Tafla 5. Starfssvið starfsfólks greint eftir bakgrunni


	Skrifstofur Ráðhúss	ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	MOF - Menningar- og ferðamálasvið	SFS - Skóla- og frístundasvið	USK - Umhverfis og skipulagssvið	VEL - Velferðarsvið	Fjöldi
Október 2017							
Heild	3%	3%	2%	61%	5%	26%	7873
Kyn ***							
Karl	5%	6%	2%	48%	15%	24%	1903
Kona	3%	2%	2%	65%	2%	26%	5970
Aldur ***							
Yngri en 30 ára	1%	4%	1%	66%	2%	26%	1728
30 til 39 ára	3%	2%	3%	61%	4%	27%	1677
40 til 49 ára	4%	2%	3%	63%	5%	24%	1605
50 til 59 ára	5%	3%	2%	59%	6%	24%	1694
60 ára og eldri	4%	3%	4%	53%	9%	28%	1169
Starfsheiti ***							
Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	4%	3%	1%	50%	7%	34%	605
Sérfræðingar	4%	1%	4%	76%	2%	13%	2739
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	7%	0%	4%	46%	8%	35%	805
Skrifstofufólk	28%	2%	7%	22%	12%	29%	227
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	0%	5%	1%	61%	0%	33%	3163
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	3%	21%	3%	0%	74%	0%	34
Ósérhæft starfsfólk	0%	1%	2%	16%	63%	18%	267
Starfsaldur ***							
Styttri en 1 ár	2%	3%	1%	67%	3%	23%	1456
1 til 2,9 ár	3%	4%	2%	54%	3%	34%	1286
3 til 6,9 ár	5%	2%	2%	51%	5%	35%	1722
7 til 11,9 ár	4%	3%	2%	59%	4%	28%	905
12 ár eða lengri	3%	3%	3%	68%	7%	16%	2437
Starfshlutfall ***							
Fullt starf	6%	2%	2%	66%	8%	17%	4238
Hlutastarf 70-99%	1%	5%	2%	53%	3%	36%	1672
Hlutastarf 1-69%	1%	3%	3%	57%	1%	35%	1963
Ríkisfang ***							
Íslenskur ríkisborgari	4%	3%	2%	60%	5%	26%	7362
Erlendur ríkisborgari	1%	2%	1%	72%	5%	20%	511

Marktækur munur er á hópum: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$.

Í töflu 6 má sjá hvernig starfsfólk Reykjavíkurborgar dreifist í ólík störf, en fjölmennustu störfín eru sérfræðistörf (35% starfsfólks) og þjónustu- sölu- og afgreiðslufólk (40% starfsfólks).

Tafla 6. Starfsheiti

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Október 2017			
Kjörnir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	605	8%	8%
Sérfræðingar	2739	35%	35%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	805	10%	10%
Skrifstofufólk	227	3%	3%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	3163	40%	40%
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	34	0%	0%
Ósérhæft starfsfólk	267	3%	3%
Fjöldi	7840	100%	
Upplýsingar um starfaflokk ekki til staðar	33		
Alls	7873		



Í töflunni að neðan má sjá að karlar voru hlutfallslega fleiri í ósérhæfðum störfum eða störfuðu sem tæknar og sérmenntaðir, á meðan konur störfuðu frekar við sérfræðistörf og skrifstofustörf. Þegar rýnt var í fjöldatölur að baki hlutföllunum kom þó í ljós að karlar voru einungis fjölmennari á meðal iðnaðarmanna og vélgæslufólks.

Tafla 7. Starfsheiti starfsfólks greint eftir bakgrunni

	Kjömir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	Sérfræðingar	Tæknar og sérmenntað starfsfólk	Skrifstofufólk	Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	Ósérhæft starfsfólk	Fjöldi
Október 2017								
Heild	8%	35%	10%	3%	40%	0%	3%	7840
Kyn ***								
Karl	8%	23%	14%	1%	43%	2%	8%	1897
Kona	8%	39%	9%	3%	39%	0%	2%	5943
Aldur ***								
Yngri en 30 ára	1%	9%	13%	1%	74%	0%	2%	1725
30 til 39 ára	6%	39%	10%	2%	39%	0%	4%	1671
40 til 49 ára	10%	47%	7%	2%	30%	0%	3%	1599
50 til 59 ára	13%	43%	10%	4%	26%	1%	4%	1689
60 ára og eldri	10%	41%	11%	6%	28%	1%	4%	1156
Svið ***								
Skrifstofur Ráðhúss	9%	43%	20%	23%	3%	0%	0%	274
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	9%	8%	1%	2%	75%	3%	1%	216
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	5%	56%	18%	9%	10%	1%	3%	186
SFS - Skóla- og frístundasvið	6%	43%	8%	1%	41%	0%	1%	4791
USK - Umhverfis og skipulagssvið	11%	15%	16%	7%	0%	7%	44%	383
VEL - Velferðarsvið	10%	18%	14%	3%	52%	0%	2%	1990
Starfsaldur ***								
Styttir en 1 ár	1%	18%	14%	2%	61%	0%	3%	1453
1 til 2,9 ár	3%	25%	11%	2%	56%	0%	3%	1281
3 til 6,9 ár	7%	31%	11%	2%	44%	0%	4%	1716
7 til 11,9 ár	10%	37%	11%	4%	34%	0%	4%	903
12 ár eða lengri	13%	51%	8%	4%	20%	1%	3%	2420
Starfshlutfall ***								
Fullt starf	13%	45%	6%	4%	28%	1%	4%	4222
Hlutastarf 70-99%	2%	27%	17%	2%	47%	0%	4%	1664
Hlutastarf 1-69%	1%	20%	13%	3%	61%	0%	2%	1954
Ríkisfang ***								
Íslenskur ríkisborgari	8%	37%	11%	3%	38%	0%	3%	7330
Erlendur ríkisborgari	0%	10%	5%	1%	74%	0%	9%	510

Marktækur munur er á höpum: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$.

Tæpur þriðjungur starfsmanna borgarinnar hafði starfað þar í 12 ár eða lengur, en um einn af hverjum fimm hafði starfað þar skemur en eitt ár.

Tafla 8. Starfsaldur

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Október 2017			
Stytti en 1 ár	1456	19%	19%
1 til 2,9 ár	1286	16%	16%
3 til 6,9 ár	1722	22%	22%
7 til 11,9 ár	905	12%	12%
12 ár eða lengri	2437	31%	31%
Fjöldi	7806	100%	
Upplýsingar um starfsaldur ekki til staðar	67		
Alls	7873		

0% 25% 50% 75% 100%

Karlar höfðu að jafnaði lægri starfsaldur en konur hjá borginni. Um fjórðungur karla hafði unnið styttra en 1 ár en það sama gildi um 17% kvenna. Að jafnaði höfðu fleiri konur unnið í 12 ár eða lengur (34% kvenna á móti 23% karla). Starfsfólk á Menningar- og ferðamálasviði og Umhverfis og skipulagssviði voru með hæsta starfsaldurinn en lægsti starfsaldurinn var meðal starfsfólks á Íþrótt- og tómstundasviði, Skóla- og frístundasviði og Velferðarsviði.


Tafla 9. Starfsaldur starfsfólks greindur eftir bakgrunni

	Styttri en 1 ár	1 til 2,9 ár	3 til 6,9 ár	7 til 11,9 ár	12 ár eða lengri	Fjöldi
Október 2017						
Heild	19%	16%	22%	12%	31%	7806
Kyn ***						
Karl	23%	18%	25%	11%	23%	1891
Kona	17%	16%	21%	12%	34%	5915
Aldur ***						
Yngri en 30 ára	48%	30%	20%	1%	0%	1715
30 til 39 ára	19%	24%	35%	16%	7%	1652
40 til 49 ára	10%	12%	23%	17%	39%	1598
50 til 59 ára	7%	7%	16%	13%	57%	1682
60 ára og eldri	4%	5%	15%	11%	65%	1159
Svið ***						
Skrifstofur Ráðhúss	13%	13%	30%	14%	30%	273
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	18%	23%	17%	11%	32%	217
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	11%	13%	19%	11%	46%	186
SFS - Skóla- og frístundasvið	21%	15%	19%	11%	35%	4740
USK - Umhverfis og skipulagssvið	12%	11%	23%	10%	45%	384
VEL - Velferðarsvið	17%	22%	30%	13%	19%	2006
Starfsheiti ***						
Kjómir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	3%	7%	21%	16%	53%	596
Sérfræðingar	10%	12%	20%	13%	46%	2693
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	25%	17%	23%	12%	24%	802
Skrifstofufólk	15%	9%	18%	14%	44%	227
Þjónustu-, sölu- og afgangslufólk	28%	23%	24%	10%	15%	3154
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	12%	9%	21%	9%	50%	34
Ósérhæft starfsfólk	18%	14%	28%	12%	28%	267
Starfshlutfall ***						
Fullt starf	12%	13%	23%	14%	38%	4212
Hlutastarf 70-99%	20%	17%	23%	13%	27%	1662
Hlutastarf 1-69%	33%	23%	18%	6%	19%	1932
Ríkisfang ***						
Íslenskur ríkisborgari	17%	16%	22%	12%	33%	7296
Erlendur ríkisborgari	38%	26%	22%	9%	5%	510

Marktækur munur er á hópum: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$.

Vinnutími

Á mynd 1 má sjá að starfshlutfall karla og kvenna var nokkuð svipað og var álíka hátt hlutfall þeirra í fullu starfi (53% karla og 54% kvenna). Lítil munur var á hlutfalli karla og kvenna sem vann 70-99% starf en um 17% karla og 23% kvenna var í því starfshlutfalli. Það er í takt við niðurstöður greiningar frá árinu 2015 en þá voru 15% karla og 22% kvenna í 70-99% starfi. Athygli vekur að karlar voru hlutfallslega fleiri í lágu starfshlutfalli (69% og lægra). Ein skýring á þessu er aldur, en 42% starfsmanna í starfshlutfalli undir 69% voru yngri en 30 ára og eins og áður hefur komið fram voru hlutfallslega fleiri karlar í yngsta aldurshópnum.



Mynd 1. Starfshlutfall karla og kvenna – Allt starfsfólk í föstu starfi

Starfsmatsstig

Tveir af hverjum þremur starfsmönnum borgarinnar voru með starfsmatsstig og var meðalfjöldi stiga nær sá sami hjá körlum og konum (um 450 stig). Hlutfallslega fleiri karlar en konur voru í starfsmati, 76% karla hafði starfsmatsstig á móti 63% kvenna. Yngra starfsfólkið er flest allt í starfsmati en einungis 8% yngstu starfsmannanna voru ekki með starfsmatsstig en hið sama átti við um tæplega helming þeirra sem voru 40 ára og eldri. Einstaklingar í tveimur tekjuhæstu starfaflokkunum voru töluvert ólíklegri til að vera í starfsmati. Einungis helmingur stjórnenda hafði starfsmatsstig og fjórðungur sérfræðinga. Þá var meirihluti tækna, skrifstofufólks, þjónustufólks, iðnaðarmanna og ósérhæfðra með starfsmatsstig. Rétt rúmur helmingur starfsmanna á skrifstofum Ráðhúss hafði skráð starfsmatsstig.

Tafla 10. Starfsmatsstig starfsfólks eftir bakgrunni

	Ekki með starfsmatsstig	Með starfsmatsstig	Fjöldi svara	Meðaltal starfsmatsstiga ¹⁾
Október 2017				
Heild	34%	66%	7873	451,0
Kyn				
Karlar	24%	76%	1903	449,3
Konur	37%	63%	5970	451,9
Aldur ***				
Yngri en 30 ára	8%	92%	1728	405,1
30 til 39 ára	33%	67%	1677	463,4
40 til 49 ára	44%	56%	1605	481,6
50 til 59 ára	45%	55%	1694	475,0
60 ára og eldri	42%	58%	1169	465,9
Starfsheiti ***				
Kjörmir fulltrúar, æðstu embættismenn og stjórnendur	47%	53%	605	669,8
Sérfræðingar	76%	24%	2739	623,6
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	18%	82%	805	482,3
Skrifstofufólk	4%	96%	227	455,0
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	3%	97%	3163	392,1
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	3%	97%	34	493,3
Ósérhæft starfsfólk	1%	99%	267	347,7
Svið ***				
Skrifstofur Ráðhúss	42%	58%	274	525,9
ÍTR - Íþróttar- og tómstundasvið	5%	95%	217	431,6
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	32%	68%	186	494,8
SFS - Skóla- og frístundasvið	47%	53%	4797	426,5
USK - Umhverfis og skipulagssvið	22%	78%	384	454,0
VEL - Velferðarsvið	7%	93%	2015	477,1
Starfsaldur ***				
Stytttri en 1 ár	15%	85%	1456	412,2
1 til 2,9 ár	21%	79%	1286	435,5
3 til 6,9 ár	26%	74%	1722	460,5
7 til 11,9 ár	36%	64%	905	470,8
12 ár eða lengri	54%	46%	2437	486,0
Starfshlutfall ***				
Fullt starf	44%	56%	4238	482,1
Hlutastarf 70-99%	23%	77%	1672	431,2
Hlutastarf 1-69%	20%	80%	1963	421,2
Ríkisfang ***				
Íslenskur ríkisborgari	35%	65%	7362	456,2
Erlendur ríkisborgari	12%	88%	511	398,1

Marktækur munur er á hópum: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

¹⁾ Meðaltalið er reiknað á grundvelli þeirra starfsmanna sem eru með starfsmatsstig.

0 250 500 750

Grunnlaun

Meðalgrunnlaun starfsfólks Reykjavíkurborgar í föstu starfi voru 369 þúsund krónur í október 2017. Grunnlaun jukust jafnt og þétt með hækkandi aldri og starfsaldri.

Tafla 11. Grunnlaun – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- mörk	Miðgildi	Efri fjórðungs- mörk	Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
Október 2017							
Heild	368.603 kr.	174.305 kr.	255.516 kr.	345.590 kr.	490.573 kr.	7873	369
Kyn ***							
Karlar	347.766 kr.	190.192 kr.	202.125 kr.	320.616 kr.	470.401 kr.	1903	348
Konur	375.245 kr.	168.403 kr.	266.283 kr.	353.628 kr.	503.345 kr.	5970	375
Aldur ***							
Yngri en 30 ára	233.880 kr.	111.484 kr.	140.700 kr.	244.677 kr.	301.553 kr.	1728	234
30 til 39 ára	360.106 kr.	143.869 kr.	269.453 kr.	354.869 kr.	483.615 kr.	1677	360
40 til 49 ára	428.206 kr.	166.557 kr.	308.005 kr.	437.245 kr.	545.081 kr.	1605	428
50 til 59 ára	440.298 kr.	181.021 kr.	318.452 kr.	426.825 kr.	555.807 kr.	1694	440
60 ára og eldri	394.215 kr.	176.486 kr.	272.907 kr.	359.487 kr.	516.846 kr.	1169	394
Starfsheiti ***							
Stjórnendur	659.720 kr.	204.534 kr.	504.288 kr.	621.223 kr.	768.535 kr.	604	660
Sérfræðingar	469.503 kr.	117.846 kr.	415.644 kr.	502.202 kr.	545.081 kr.	2728	470
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	311.611 kr.	118.450 kr.	232.328 kr.	298.511 kr.	395.614 kr.	816	312
Skrifstofufólk	327.458 kr.	103.830 kr.	288.287 kr.	361.908 kr.	388.650 kr.	227	327
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	250.280 kr.	98.889 kr.	162.711 kr.	278.684 kr.	324.889 kr.	3169	250
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	401.737 kr.	47.273 kr.	379.342 kr.	395.677 kr.	422.521 kr.	34	402
Ósérhæft starfsfólk	280.721 kr.	77.435 kr.	242.809 kr.	293.236 kr.	321.991 kr.	262	281
Svið ***							
Skrifstofur Ráðhúss	500.513 kr.	222.857 kr.	388.650 kr.	478.865 kr.	553.430 kr.	274	501
ÍTR - Íþróttar- og tómstundasvið	313.875 kr.	158.034 kr.	187.351 kr.	300.234 kr.	363.007 kr.	217	314
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	379.637 kr.	191.463 kr.	250.549 kr.	363.395 kr.	483.178 kr.	186	380
SFS - Skóla- og frístundasvið	376.389 kr.	167.505 kr.	269.395 kr.	365.270 kr.	503.345 kr.	4797	376
USK - Umhverfis og skipulagssvið	426.225 kr.	161.818 kr.	307.945 kr.	387.242 kr.	510.243 kr.	384	426
VEL - Velferðarsvið	326.027 kr.	169.967 kr.	196.735 kr.	302.969 kr.	426.052 kr.	2015	326
Starfsaldur ***							
Stytttri en 1 ár	258.438 kr.	144.716 kr.	144.358 kr.	258.475 kr.	326.002 kr.	1509	258
1 til 2,9 ár	309.131 kr.	145.724 kr.	189.838 kr.	297.161 kr.	408.185 kr.	1185	309
3 til 6,9 ár	361.750 kr.	150.753 kr.	269.380 kr.	343.921 kr.	476.772 kr.	1747	362
7 til 11,9 ár	407.720 kr.	154.684 kr.	310.336 kr.	394.525 kr.	503.345 kr.	919	408
12 ár eða lengri	456.490 kr.	176.028 kr.	330.764 kr.	470.401 kr.	559.832 kr.	2446	456
Starfshlutfall ***							
Fullt starf	476.881 kr.	143.992 kr.	363.007 kr.	488.711 kr.	545.900 kr.	4238	477
Hlutastarf 70-99%	328.927 kr.	80.034 kr.	269.060 kr.	302.464 kr.	382.007 kr.	1672	329
Hlutastarf 1-69%	168.632 kr.	70.682 kr.	121.071 kr.	161.700 kr.	208.797 kr.	1963	169
Ríkisfang ***							
Íslenskur ríkisborgari	374.986 kr.	176.467 kr.	258.184 kr.	356.008 kr.	503.345 kr.	7362	375
Erlendur ríkisborgari	276.646 kr.	102.169 kr.	202.125 kr.	297.161 kr.	326.212 kr.	511	277

Marktækur munur er á hópum: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

0 250 500 750

Í töflu 12 má sjá uppreiknuð grunnlaun allra sem unnu að minnsta kosti 70% starf. Meðallaun voru 454 þúsund krónur og voru grunnlaun helmings starfsfólks á bilinu 340 – 536 þúsund krónur (neðri fjórðungsmörk = 340 þ.kr., efri fjórðungsmörk = 536 þ.kr.). Lítil munur var á uppreiknuðum meðalgrunnlaunum karla (445 þúsund krónur) og kvenna (456 þúsund krónur).

Hæst voru grunnlaun stjórnenda (679 þúsund krónur) og voru laun ósérhæfðra og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks rúmlega helmingi lægri. Grunnlaun voru nokkuð svipuð meðal sviða borgarinnar að undanskildu Íþrótt- og tómstundasviði, en meðallaun þar voru um 45 þúsund krónum lægri en á sviðinu sem næst lægst var í launum. Þetta skýrist að hluta af því að hlutfallslega fleiri starfsmenn eru í hlutastarfi hjá Íþrótt- og tómstundasviði en öðrum sviðum. Þegar horft er á töflu 13 má sjá að launamunur milli sviða var minni á meðal starfsfólks í fullu starfi.

Tafla 12. Uppreiknuð grunnlaun – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- mörk	Miðgildi	Efri fjórðungs- mörk	Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
Október 2017							
Heild	453.562 kr.	136.061 kr.	339.775 kr.	440.135 kr.	535.529 kr.	5910	454
Kyn *							
Karlar	445.171 kr.	154.661 kr.	331.897 kr.	401.999 kr.	516.846 kr.	1331	445
Konur	456.002 kr.	130.073 kr.	343.429 kr.	456.691 kr.	545.081 kr.	4579	456
Aldur ***							
Yngri en 30 ára	347.856 kr.	62.390 kr.	299.836 kr.	330.424 kr.	383.416 kr.	907	348
30 til 39 ára	430.652 kr.	102.771 kr.	339.775 kr.	432.438 kr.	503.345 kr.	1322	431
40 til 49 ára	483.017 kr.	135.539 kr.	373.251 kr.	496.421 kr.	548.133 kr.	1368	483
50 til 59 ára	498.531 kr.	149.815 kr.	374.256 kr.	504.276 kr.	559.832 kr.	1452	499
60 ára og eldri	477.461 kr.	147.805 kr.	359.487 kr.	457.502 kr.	559.832 kr.	861	477
Starfsheiti ***							
Stjórnendur	678.856 kr.	188.231 kr.	540.021 kr.	629.891 kr.	776.028 kr.	583	679
Sérfræðingar	523.772 kr.	60.394 kr.	490.238 kr.	524.809 kr.	559.832 kr.	2338	524
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	409.689 kr.	68.028 kr.	355.342 kr.	401.999 kr.	440.135 kr.	561	410
Skrifstofufólk	383.438 kr.	40.083 kr.	356.560 kr.	374.968 kr.	400.030 kr.	178	383
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	337.622 kr.	38.159 kr.	308.005 kr.	330.423 kr.	358.540 kr.	1970	338
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	402.072 kr.	46.549 kr.	379.342 kr.	395.677 kr.	422.521 kr.	34	402
Ósérhæft starfsfólk	319.157 kr.	37.178 kr.	292.541 kr.	305.139 kr.	345.918 kr.	222	319
Svið ***							
Skrifstofur Ráðhúss	533.708 kr.	206.632 kr.	413.376 kr.	497.190 kr.	561.178 kr.	250	534
ÍTR - Íþróttar- og tómstundasvið	393.684 kr.	133.130 kr.	312.556 kr.	338.804 kr.	432.318 kr.	153	394
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	486.545 kr.	151.206 kr.	391.611 kr.	470.401 kr.	511.324 kr.	129	487
SFS - Skóla- og frístundasvið	455.641 kr.	126.269 kr.	342.833 kr.	465.154 kr.	545.081 kr.	3678	456
USK - Umhverfis og skipulagssvið	440.181 kr.	154.329 kr.	324.889 kr.	393.299 kr.	517.054 kr.	369	440
VEL - Velferðarsvið	440.162 kr.	131.882 kr.	330.892 kr.	401.999 kr.	533.047 kr.	1331	440
Starfsaldur ***							
Styttri en 1 ár	378.155 kr.	108.576 kr.	298.063 kr.	331.897 kr.	437.603 kr.	843	378
1 til 2,9 ár	404.890 kr.	105.723 kr.	310.777 kr.	384.933 kr.	490.238 kr.	790	405
3 til 6,9 ár	430.256 kr.	116.299 kr.	336.398 kr.	403.654 kr.	503.345 kr.	1379	430
7 til 11,9 ár	459.182 kr.	127.668 kr.	353.606 kr.	457.523 kr.	530.754 kr.	796	459
12 ár eða lengri	515.764 kr.	144.646 kr.	400.030 kr.	518.483 kr.	559.833 kr.	2066	516
Starfshlutfall ***							
Fullt starf	476.889 kr.	143.982 kr.	363.007 kr.	488.711 kr.	545.900 kr.	4238	477
Hlutastarf 70-99%	394.437 kr.	89.557 kr.	325.748 kr.	358.540 kr.	463.908 kr.	1672	394
Ríkisfang ***							
Íslenskur ríkisborgari	460.747 kr.	136.481 kr.	345.918 kr.	457.523 kr.	545.081 kr.	5548	461
Erlendur ríkisborgari	343.449 kr.	62.070 kr.	302.534 kr.	317.356 kr.	374.614 kr.	362	343

Marktækur munur er á hópum: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

0 250 500 750

Meðalgrunnlaun starfsfólks í fullu starfi voru 477 þúsund krónur. Laun þeirra sem höfðu erlent ríkisfang voru um 143 þúsund krónum lægri en laun íslenskra ríkisborgara. Lítil breidd var í launum þeirra sem höfðu erlent ríkisfang (staðalfrávik = 62 þ.kr.) og var helmingur þeirra með grunnlaun á bilinu 303 – 371 þúsund krónur. Neðri fjórðungsmörk íslenskra ríkisborgara voru rétt fyrir ofan þau efri hjá erlendum ríkisborgurum.

Tafla 13. Grunnlaun – Starfsfólk í fullu starfi

	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- mörk	Miðgildi	Efri fjórðungs- mörk	Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
Október 2017							
Heild	476.929 kr.	144.043 kr.	363.007 kr.	488.338 kr.	545.900 kr.	4229	477
Kyn							
Karlar	474.660 kr.	163.594 kr.	359.769 kr.	461.867 kr.	540.590 kr.	1002	475
Konur	477.634 kr.	137.427 kr.	365.023 kr.	490.238 kr.	553.676 kr.	3227	478
Aldur ***							
Yngri en 30 ára	355.348 kr.	70.747 kr.	296.197 kr.	331.897 kr.	393.189 kr.	489	355
30 til 39 ára	444.324 kr.	106.473 kr.	354.869 kr.	465.154 kr.	503.757 kr.	934	444
40 til 49 ára	502.107 kr.	139.374 kr.	402.827 kr.	511.324 kr.	559.832 kr.	1060	502
50 til 59 ára	518.955 kr.	156.645 kr.	395.677 kr.	530.695 kr.	575.030 kr.	1117	519
60 ára og eldri	502.804 kr.	156.908 kr.	379.244 kr.	500.690 kr.	561.178 kr.	629	503
Starfsheiti ***							
Stjórnendur	689.230 kr.	190.529 kr.	553.676 kr.	638.141 kr.	781.326 kr.	542	689
Sérfræðingar	527.957 kr.	60.240 kr.	490.238 kr.	530.754 kr.	559.832 kr.	1879	528
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	436.922 kr.	72.670 kr.	379.244 kr.	421.331 kr.	495.810 kr.	268	437
Skrifstofufólk	386.302 kr.	41.624 kr.	358.540 kr.	376.602 kr.	405.518 kr.	151	386
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	339.969 kr.	41.561 kr.	304.825 kr.	330.892 kr.	374.614 kr.	1190	340
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	409.373 kr.	40.586 kr.	390.232 kr.	395.677 kr.	441.421 kr.	31	409
Ósérhæft starfsfólk	327.131 kr.	39.350 kr.	295.405 kr.	308.352 kr.	356.941 kr.	152	327
Svið ***							
Skrifstofur Ráðhúss	541.408 kr.	209.697 kr.	413.376 kr.	502.875 kr.	563.432 kr.	236	541
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	467.413 kr.	165.388 kr.	358.540 kr.	438.767 kr.	518.483 kr.	71	467
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	505.664 kr.	163.980 kr.	415.569 kr.	476.987 kr.	540.565 kr.	99	506
SFS - Skóla- og frístundasvið	470.812 kr.	131.778 kr.	361.767 kr.	490.238 kr.	545.081 kr.	2778	471
USK - Umhverfis og skipulagssvið	456.063 kr.	156.818 kr.	352.173 kr.	404.430 kr.	530.822 kr.	322	456
VEL - Velferðarsvið	485.678 kr.	145.826 kr.	349.031 kr.	490.436 kr.	571.479 kr.	723	486
Starfsaldur ***							
Styttri en 1 ár	398.842 kr.	125.927 kr.	298.063 kr.	371.771 kr.	490.238 kr.	510	399
1 til 2,9 ár	421.124 kr.	111.901 kr.	315.947 kr.	400.983 kr.	503.345 kr.	525	421
3 til 6,9 ár	448.298 kr.	124.111 kr.	345.562 kr.	439.451 kr.	518.339 kr.	984	448
7 til 11,9 ár	478.226 kr.	135.337 kr.	374.614 kr.	483.687 kr.	545.081 kr.	579	478
12 ár eða lengri	536.535 kr.	149.380 kr.	441.421 kr.	540.565 kr.	575.031 kr.	1605	537
Ríkisfang ***							
Íslenskur ríkisborgari	485.805 kr.	143.467 kr.	376.548 kr.	490.238 kr.	555.820 kr.	3968	486
Erlendur ríkisborgari	341.993 kr.	62.219 kr.	302.534 kr.	315.947 kr.	371.037 kr.	261	342

Marktækur munur er á hópum: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

0 250 500 750

Í töflu 14 má sjá súlur sem tákna grunnlaun karla og kvenna í föstu starfi. Rauðar súlur tákna að konur voru með hærri laun en bláar súlur tákna að karlar voru með hærri laun. Óleiðréttur launamunur á grunnlaunum starfsfólks í föstu starfi var 8% konum í vil og var það svipað og niðurstöður sýndu árið 2015 (6% konum í vil). Þá voru konur í yngsta aldurshópi tekjuhærri en karlar í sama aldurshópi, þar sem laun þeirra voru 13% hærri. Einnig voru konur í skrifstofustörfum með 27% hærri grunnlaun en karlar í sömu störfum. Mestur var launamunur körlum í vil á meðal ósérhæfðra þar sem konur voru með 20% lægri grunnlaun.

Tafla 14. Óleiðrétt grunnlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Karlur		Konur			
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi		Hlutfallsmunur
Október 2017						
Heild	347.766 kr.	1903	375.245 kr.	5970		108%
Aldur						
Yngri en 30 ára	215.651 kr.	576	242.994 kr.	1152		113%
30 til 39 ára	352.845 kr.	432	362.625 kr.	1245		103%
40 til 49 ára	440.723 kr.	261	425.775 kr.	1344		97%
50 til 59 ára	432.515 kr.	340	442.252 kr.	1354		102%
60 ára og eldri	418.611 kr.	294	386.018 kr.	875		92%
Starfsheiti						
Stjórnendur	693.677 kr.	154	648.099 kr.	450		93%
Sérfræðingar	471.550 kr.	440	469.110 kr.	2288		99%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	319.647 kr.	268	307.682 kr.	548		96%
Skrifstofufólk	264.185 kr.	28	336.361 kr.	199		127%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	232.585 kr.	817	256.427 kr.	2352		110%
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	402.609 kr.	32	<5			
Ósérhæft starfsfólk	304.766 kr.	158	244.193 kr.	104		80%
Svið						
Skrifstofur Ráðhúss	548.444 kr.	102	472.088 kr.	172		86%
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	322.541 kr.	119	303.351 kr.	98		94%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	352.666 kr.	40	387.027 kr.	146		110%
SFS - Skóla- og frístundasvið	330.969 kr.	907	386.979 kr.	3890		117%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	415.712 kr.	282	455.290 kr.	102		110%
VEL - Velferðarsvið	300.108 kr.	453	333.544 kr.	1562		111%
Starfsaldur						
Styttri en 1 ár	241.347 kr.	463	266.004 kr.	1046		110%
1 til 2,9 ár	277.517 kr.	306	320.136 kr.	879		115%
3 til 6,9 ár	355.334 kr.	490	364.251 kr.	1257		103%
7 til 11,9 ár	419.022 kr.	202	404.536 kr.	717		97%
12 ár eða lengri	471.723 kr.	430	453.241 kr.	2016		96%
Starfshlutfall						
Fullt starf	474.550 kr.	1004	477.605 kr.	3234		101%
Hlutastarf 70-99%	298.890 kr.	327	336.229 kr.	1345		112%
Hlutastarf 1-69%	153.172 kr.	572	174.990 kr.	1391		114%
Ríkisfang						
Íslenskur ríkisborgari	352.702 kr.	1788	382.134 kr.	5574		108%
Erlendur ríkisborgari	271.026 kr.	115	278.278 kr.	396		103%

0% 50% 100% 150%

Uppreiknuð grunnlaun kvenna í a.m.k. 70% starfi voru 2,4% hærri en karla. Grunnlaun kvenna í fullu starfi voru 0,6% hærri en karla en uppreiknuð grunnlaun kvenna í 70-99% starfi voru 14% hærri en laun karla í sama starfshlutfalli. Mestur var munur á grunnlaunum körlum í vil á meðal starfsfólks skrifstofa Ráðhúss þar sem konur voru með 12% lægri grunnlaun. Mestur var munurinn á grunnlaunum konum í vil á Umhverfis- og skipulagssviði þar sem konur þar voru með 12% hærri laun en karlar.

Tafla 15. Uppreiknuð grunnlaun greind eftir kyni – Allt starfsfólk í 70% starfi eða meira

	Karlur		Konur		Hlutfallsmunur	
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi		
Október 2017						
Heild	445.171 kr.	1331	456.002 kr.	4579		102%
Aldur						
Yngri en 30 ára	341.087 kr.	257	350.532 kr.	650		103%
30 til 39 ára	434.272 kr.	320	429.495 kr.	1002		99%
40 til 49 ára	494.845 kr.	223	480.713 kr.	1145		97%
50 til 59 ára	483.606 kr.	294	502.320 kr.	1158		104%
60 ára og eldri	478.336 kr.	237	477.128 kr.	624		100%
Starfsheiti						
Stjómendur	706.749 kr.	149	669.280 kr.	434		95%
Sérfræðingar	524.161 kr.	376	523.698 kr.	1962		100%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	413.975 kr.	184	407.597 kr.	377		98%
Skrifstofufólk	379.331 kr.	17	383.872 kr.	161		101%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	341.962 kr.	420	336.445 kr.	1550		98%
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	402.965 kr.	32	<5			
Ósérhæft starfsfólk	322.534 kr.	148	312.405 kr.	74		97%
Svið						
Skrifstofur Ráðhúss	574.885 kr.	96	508.039 kr.	154		88%
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	405.063 kr.	84	379.831 kr.	69		94%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	468.804 kr.	26	491.023 kr.	103		105%
SFS - Skóla- og frístundasvið	450.197 kr.	574	456.647 kr.	3104		101%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	427.388 kr.	274	477.077 kr.	95		112%
VEL - Velferðarsvið	417.336 kr.	277	446.161 kr.	1054		107%
Starfsaldur						
Styttri en 1 ár	370.766 kr.	230	380.927 kr.	613		103%
1 til 2,9 ár	396.745 kr.	176	407.225 kr.	614		103%
3 til 6,9 ár	427.489 kr.	375	431.289 kr.	1004		101%
7 til 11,9 ár	468.511 kr.	175	456.553 kr.	621		97%
12 ár eða lengri	520.681 kr.	369	514.695 kr.	1697		99%
Starfshlutfall						
Fullt starf	474.550 kr.	1004	477.615 kr.	3234		101%
Hlutastarf 70-99%	354.967 kr.	327	404.033 kr.	1345		114%
Ríkisfang						
Íslenskur ríkisborgari	451.111 kr.	1256	463.567 kr.	4292		103%
Erlendur ríkisborgari	345.690 kr.	75	342.863 kr.	287		99%

0% 50% 100% 150%

Tafla 16. Grunnlaun greind eftir kyni – Starfsfólk í fullu starfi

	Karlur		Konur		Hlutfallsmunur	
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi		
Október 2017						
Heild	474.660 kr.	1002	477.634 kr.	3227		101%
Aldur						
Yngri en 30 ára	352.791 kr.	117	356.153 kr.	372		101%
30 til 39 ára	453.326 kr.	251	441.015 kr.	683		97%
40 til 49 ára	522.102 kr.	179	498.044 kr.	881		95%
50 til 59 ára	503.009 kr.	251	523.577 kr.	866		104%
60 ára og eldri	494.296 kr.	204	506.888 kr.	425		103%
Starfsheiti						
Stjómendur	708.349 kr.	148	682.048 kr.	394		96%
Sérfræðingar	527.731 kr.	344	528.008 kr.	1535		100%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	435.416 kr.	107	437.922 kr.	161		101%
Skrifstofufólk	377.036 kr.	12	387.102 kr.	139		103%
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	351.013 kr.	247	337.076 kr.	943		96%
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	410.862 kr.	29		<5		
Ósérhæft starfsfólk	329.516 kr.	110	320.887 kr.	42		97%
Svið						
Skrifstofur Ráðhúss	581.748 kr.	92	515.635 kr.	144		89%
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	476.031 kr.	43	454.180 kr.	28		95%
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	474.558 kr.	24	515.618 kr.	75		109%
SFS - Skóla- og frístundasvið	468.608 kr.	459	471.248 kr.	2319		101%
USK - Umhverfis- og skipulagssvið	445.070 kr.	235	485.759 kr.	87		109%
VEL - Velferðarsvið	473.473 kr.	149	488.846 kr.	574		103%
Starfsaldur						
Styttri en 1 ár	396.410 kr.	131	399.682 kr.	379		101%
1 til 2,9 ár	429.049 kr.	105	419.143 kr.	420		98%
3 til 6,9 ár	449.876 kr.	286	447.651 kr.	698		100%
7 til 11,9 ár	489.424 kr.	146	474.450 kr.	433		97%
12 ár eða lengri	534.613 kr.	329	537.031 kr.	1276		100%
Ríkisfang						
Íslenskur ríkisborgari	481.739 kr.	948	487.081 kr.	3020		101%
Erlendur ríkisborgari	350.388 kr.	54	339.803 kr.	207		97%

0% 50% 100% 150%

Heildarlaun

Meðalheildarlaun alls starfsfólks borgarinnar voru 443 þúsund krónur. Meðalheildarlaun karla voru 448 þúsund krónur en kvenna 441 þúsund krónur. Meiri breidd var í launum karla en kvenna (staðalfrávik: kk = 239 þ.kr., kvk = 192 þ.kr.). Ef við skiptum launum starfsfólks í þrjá hópa: 25% lægstu launin, 50% launa í miðjunni og 25% hæstu launin, þá má einnig sjá á fjórðungsmörkum karla og kvenna að breiddin hjá körlum er meiri. Sá helmingur karla sem er í miðju launadreifingarinnar (neðri til efri fjórðungsmörk), eru með laun á bilinu 261 – 599 þúsund krónur en laun kvenna á sama bili ná frá 311 til 570 þúsund krónur.

Tafla 17. Heildarlaun – Allt starfsfólk í föstu starfi

	Meðaltal	Staðalfrávik	Neðri fjórðungs- mörk	Miðgildi	Efri fjórðungs- mörk	Fjöldi svara	Meðaltal í þús. króna
Október 2017							
Heild	442.800 kr.	204.327 kr.	302.534 kr.	430.938 kr.	574.644 kr.	7873	443
Kyn							
Karlar	447.896 kr.	238.932 kr.	260.982 kr.	436.556 kr.	598.611 kr.	1903	448
Konur	441.176 kr.	191.984 kr.	310.511 kr.	429.420 kr.	570.480 kr.	5970	441
Aldur ***							
Yngri en 30 ára	290.583 kr.	140.678 kr.	176.273 kr.	287.487 kr.	373.518 kr.	1728	291
30 til 39 ára	432.955 kr.	175.384 kr.	317.434 kr.	430.525 kr.	549.828 kr.	1677	433
40 til 49 ára	508.483 kr.	196.483 kr.	368.063 kr.	512.470 kr.	623.442 kr.	1605	508
50 til 59 ára	524.077 kr.	206.393 kr.	386.881 kr.	520.741 kr.	643.606 kr.	1694	524
60 ára og eldri	473.972 kr.	205.716 kr.	321.748 kr.	461.096 kr.	591.672 kr.	1169	474
Starfsheiti ***							
Stjórnendur	764.579 kr.	220.943 kr.	623.793 kr.	734.329 kr.	872.550 kr.	605	765
Sérfræðingar	540.460 kr.	152.008 kr.	467.138 kr.	556.852 kr.	631.645 kr.	2739	540
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	384.825 kr.	173.211 kr.	254.571 kr.	344.274 kr.	509.725 kr.	805	385
Skrifstofufólk	398.511 kr.	151.372 kr.	315.407 kr.	427.333 kr.	488.817 kr.	227	399
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk	317.294 kr.	133.919 kr.	204.695 kr.	326.180 kr.	407.108 kr.	3163	317
Iðnaðarmenn, vélgæslufólk, bændur og fiskimenn	568.285 kr.	122.361 kr.	501.688 kr.	543.554 kr.	647.038 kr.	34	568
Ósérhæft starfsfólk	381.355 kr.	125.115 kr.	307.932 kr.	386.866 kr.	460.044 kr.	267	381
Svið ***							
Skrifstofur Ráðhúss	645.197 kr.	268.592 kr.	465.792 kr.	620.848 kr.	761.351 kr.	274	645
ÍTR - Íþrótt- og tómstundasvið	447.420 kr.	223.239 kr.	293.074 kr.	450.170 kr.	551.978 kr.	217	447
MOF - Menningar- og ferðamálasvið	442.162 kr.	219.885 kr.	296.339 kr.	407.533 kr.	550.313 kr.	186	442
